

Fundur í stjórn félags náms- og starfsráðgjafa.

Föstudaginn 19. febrúar klukkan 14:00 til 17:30 í Kringlunni

Mættir: Ingibjörg, Soffía, Olga, Margrét, Unnur og Helga Tryggva sem sérlegur ráðunautur vegna stéttarfélagsmála.

1. Farið yfir fundargerð seinasta fundar.
2. Félagatalið: Olga er búinn að leggja mikla vinnu í að yfirfara félagatalið og bera það saman við póslitann og upplýsingar um lögverndun. Stjórnin er henni mjög þakklát fyrir hennar framlag.
 - a. Núverandi stjórn búinn að koma því fyrirkomulagi á í gegnum nýju heimasíðuna að sótt er um aðild þar og ekki er hægt að sækja um nema hafa leyfisbréf.
 - b. Við erum með gamlan lista yfir þá sem eru með lögverndun. Olga óskar eftir uppfærðum lista hjá Menntamálastofnun. Athugum hvort þessi listi verði birtur á heimasíðu FNS, sendum fyrirspurn á ráðuneytið hvort það megi. Hugmynd um að senda þeim n og s ráðgjöfum sem eru með leyfisbréf en eru ekki í félaginu boð um að vera með okkur og ganga í félagið.
 - c. Heyrst hefur að kennarar fái leyfisbréfið sitt með útskriftarskírteininu. Spurning hvort n og s ráðgjafar gætu fengið það líka. Soffía ætlar að kanna þetta upp í HÍ.
 - d. Hverjir eiga að vera á facebook síðunni? Umræður hvort aðeins eigi að leyfa einstaklingum sem eru með leyfisbréf að vera í hópnum.
 - e. Hugmynd kom upp um að senda bréf á nýútskrifaða náms- og starfsráðgjafa, kynna fyrir þeim félagið og bjóða velkomna.
3. Gjaldkeramál.
4. SEF styrkir:
 - a. fengum ráðstefnustyrk fyrir tvo stjórnarmeðlimi (2x200.000 kr.) sem vinna í framhaldsskólum. Unnur er ein úr stjórninni sem starfar í framhaldsskóla og fær hún því styrk. Það er hægt að veita öðrum náms- og starfsráðgjafa úr framhaldsskóla styrk en sá hinn sami þarf að hafa einhverja tengingu við stjórn félagsins.
 - b. fengum 30.000 kr. í fræðslustyrk. Þessi styrkur verður nýttur í fræðslu frá degi náms- og starfsráðgjafa 2015.
 - c. Sótt var um styrk fyrir sumarnámskeið fyrir framhaldsskólaráðgjafa í samvinnu við Endurmenntun HÍ - beðið er eftir svari.
5. Munum sækja um styrk í D hluta grunnskólasjóðs fyrir endurmenntunarnámskeiði fyrir grunnskólaráðgjafa. Umsóknarfrestur er 15. apríl. Soffía og Margrét ganga í málin, munu hafa samband við fagrað grunnskólaráðgjafa.

6. Stéttarfélagsmál. Helga Tryggva kom á fundinn til að fara yfir stöðu mála. Ingibjörg og Helga fara á fund með Capacent í lok febrúar til að fá ráðleggingar varðandi úttekt vegna stéttarfélagsmála. Þetta mál hefur verið í gangi síðastliðin ár. Stjórnin ætlar að fylgja þessu máli eftir og vera með svör á næsta aðalfundi. Hinsvegar veltir stjórn því fyrir sér hvort sami hugur sé í félagsmönnum núna þar sem framhalds- og grunnskólaráðgjafar eru komnir með nýjan kjarasamning.
7. Hugmynd kom upp að stofna landshlutaráð og setja það í lög fyrir næsta aðalfund. Markmið með þessu er að virkja landsbyggðar n og s ráðgjafa til þátttöku og samráðs. Margrét ætlar að kanna hug þeirra sem starfa á landsbyggðinni.
8. Lögverndun: Stjórninni hafa borist ábendingar um að í nokkrum grunnskólum á landinu sinni einstaklingar náms- og starfsráðgjöf sem hvorki hafi menntun né leyfisbréf til að sinna starfinu. Ingibjörg hefur sent bréf á skólastjóra nokkurra skóla og óskað eftir útskýringum á þessu. Ingibjörg ætlar að setja saman bréf sem sent verður á alla stjórnendur skóla, fyrirtækja og stéttarféлага þar sem starfssvið náms- og starfsráðgjafa verður kynnt og mikilvægi þess að standa vörð um lögverndunina.
9. Markaðssetning: Hugmynd um að setja inn í lög félagsins ímyndar- og kynningarnefnd. Boða til hugarflugsfundar, alla sem eru í nefndum á vegum FNS til að þarfagreina og sankað okkur hugmyndum um markaðsátak.
10. Kjaranefnd framhaldsskólaráðgjafa: boðað hefur verið til fundar framhaldsskólaráðgjafa. Ingibjörg ætlar að hafa samband við Hrönn og Ásdísi og senda þeim fundarboðið.
11. Ársfundur NFSÍ – norrænasamstarfið. Margrét er okkar fulltrúi, hún ætlar að athuga með kostar, spurning um að senda tvo fulltrúa frá Íslandi.
12. Ragnhildur úr fræðslunefndinni kom og kynnti fyrir okkur dagskrá vorannar:
 - a. Vel heppnuð ferð var farinn í HR. Námið sem fram fer þar var kynnt og Gréta kynnti fyrir okkur n og s ráðgjöfina.
 - b. 11. mars - verður heimsókn í Vinnumálastofnun.
 - c. Apríl - aðalfundur félagsins,
 - d. Maí - fyrirhuguð vorferð á Laugarvatn.
13. Ráðstefna á vegum IAEVG verður haldin í Madrid á Spáni 15. til 18. nóvember 2016. Titill ráðstefnunnar er *Promoting Equity through Guidance and Counseling. Reflection, Action, Impact*. Hugmynd er uppi um fjölmenna á þessa ráðstefnu, hvetja félagsmenn til að nýta sér endurmenntunarsjóðina sína til fara til Madrídarár.
14. Fundartími stjórnarinnar hafa verið dálítið á reiki. Ákveðið var að festa fundartíma þriðja fimmtudag í hverjum mánuði og næsti fundur því boðaður fimmtudaginn 17. mars klukkan 14:00 í Kringlunni.
15. Soffía kom með hugmynd um að auka sýnileika okkar með því að birta á heimasíðunni stutta fréttamola frá t.d. stjórninni. Unnur ætlar að taka saman fyrsta fréttamolan frá fundi stjórnar.

